



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis

150 Reykjavík

Akranesi, 4. júní 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018

Í framhaldi af fundi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs Akraness hjá umhverfis- og samgöngunefnd 2. júní síðastliðinn sendir undirrituð fyrir hönd Akraneskaupstaðar eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018.

Bæjaryfirvöld á Akranesi fagna þeim markmiðum sem fram koma í tillögunni og þeim áherslum sem settar eru fram til að ná þeim. Er þá fyrst og fremst horft til þess að samgöngukerfið verði ein samþætt heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best, auknu umferðaröryggi, landsmönnum öllum sé gert kleift að nálgast opinbera þjónustu á sem stystum tíma, forgangi almenningsamganga og eflingu ferðaþjónustu. Þessi markmið og áherslur endurspeglast þó ekki í áætluninni hvað Vesturland varðar.

Samkvæmt ofangreindri þingsályktunartillögu er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum á Vesturlandsvegi næstu fjögur árin og telja bæjaryfirvöld á Akranesi það óásættanlegt. Griðarleg umferð er á vegakaflanum og samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er meðalumferð um 6.000 þúsund bílar á dag, þar af eru um 2.000 bílar sem tengjast Akranesi beint enda starfa mörg hundruð íbúar Akraness á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er bent á fyrirhugaða uppbyggingu á Grundartangasvæðinu sem mun kalla á enn meiri umferðarþunga á þessari leið. Veður eru oft válynd á þessum kafla sem kunnugt er og mikilvægt er að tryggja umferðaröryggi vegfarenda með sem bestum hætti. Til að mynda féllu ferðir strætisvagna margoft niður síðastliðinn vetur og alloft fuku bílar út af veginum og olli það mikilli slyshættu.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að gert er ráð fyrir að framkvæmd um hringveg frá höfuðborgarsvæði að Selfossi verði lokið í ár en um er að ræða bæði 2+1 og 2+2 vegi. Sami umferðarþungi er á þessum vegi og á Vesturlandsvegi eða um 6.000 bílar á dag.





Tekið er fram í þingsályktuninni að verkefni og áherslur sem settar voru fram og samþykktar í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2022 haldi sér. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að hafist verði handa við framkvæmdir á kaflanum „*Bingvallavegur – Kollafljörður*“ á þriðja tímabili áætlunarinnar (2019 – 2022), áætlaður heildarkostnaður kr. 2,5 milljarðar og að hefja framkvæmdir við kaflann „*Kollafljörður – Hvalfjarðarvegur*“ á sama tímabili og áætlaður heildarkostnaður kr. 3.1 milljarður. Um er að ræða framkvæmdir sem lúta að svokölluðum 2 + 1 vegi, eins og er á Hellisheiði. Áætlað framkvæmdafé í hvora framkvæmd fyrir sig er þó einungis 500 milljónir króna sem felur í sér að tæplega 20% af heildarverkinu verði klárað á tímabilinu 2019 til 2022! Þessu til viðbótar verður að setja þann fyrirvara að framgangur áætlunarinnar er háður fjárlögum hvers árs og það er staðreynd að undanfarin ár hafa fjárveitingar ekki dugað til þeirra framkvæmda sem eru á áætlun. Þetta leiðir eðlilega til þess að framkvæmdir tefjast og því er í raun mikil óvissa um samgöngubætur á Vesturlandsvegi.

Bæjaryfirvöld á Akranesi telja því nauðsynlegt að flýta framkvæmdum við Vesturlandsveg og að framkvæmdir verði settar inn í þingsályktunina nú vegna áranna 2015 til 2018.

Einnig þarf að huga sérstaklega að þjónustustigi vegakaflans frá Akranesi að Hvalfjarðargöngunum og hann verði settur í 1. flokk vetrarþjónustu líkt og gildir um vegkaflann frá sunnanverðum Hvalfjarðargöngum að höfuðborgarsvæðinu.

Varðandi Sundabrautina þá yrði lagning hennar mikil samgöngubót. Bæjaryfirvöld styðja heilshugar að skoðað verði að setja framkvæmdina í einkaaframkvæmd en athygli vekur að ekki er áætlað neitt fjármagn vegna nauðsynlegrar undirbúningsvinnu sem óhjákvæmilegt er að ráðist verði í óháð fjármögnunarleið sem valin verður.

Virðingarfyllst,

F.h. Akraneskaupstaðar


Regína Ásvaldsdóttir,

bæjarstjóri